



## Fundargerð stjórnar

7. fundur

Fimmtudaginn 8. mars 2007 var símafundur haldinn í stjórn byggðasamlagsins og hófst fundur kl 9.00. Á símafundinum voru stjórnarmennirnir: Bjarni Maronsson, Gunnar Bragi Sveinsson og Magnús B. Jónsson.

Fundurinn var óformlegur og boðaður til að fjalla um eftirfarandi málefni.

### 1. Staða í urðunarmálum.

Skömmu fyrir fundinn hafði borist í tölvupósti skýrsla Gunnars Svavarssonar hjá Línuhönnun þar sem staða í urðunarmálum er metin skv. ákvörðun fundar stjórnar 25. janúar sl. Þar sem fundarmenn höfðu ekki kynnt sér efni skýrslunnar nægjanlega var hún og efni hennar til lauslegrar umfjöllunar en að öðru leyti vísað til næsta stjórnarfundar. Stjórnarmenn voru þó sammála um að á milli funda yrði farið yfir skýrsluna og jafnframt leitað frekari upplýsinga um aðstæður við urðunarstað á Blönduósi sem nefndur er í skýrslunni sem hugsanleg lausn. Magnúsi falið að kynna málið fyrir fulltrúum Blönduósbæjar.

### 2. Næstu verkefni stjórnar.

Tekið var til umfjöllunar hvaða verkefnum stjórn þyrfti að sinna á næstunni og hvaða tímaramma ætti að setja um þau. Stjórnarmenn voru sammála um að:

- a) Halda símafund stjórnar 14. mars nk. kl. 13:30 þar sem fjallað yrði um skýrslu Línuhönnunar og undirbúning ársfundar.
- b) Halda ársfund félagsins 28. mars nk. og var rætt um að stefna að kynningu á eftirtöldum málum auk almennra aðalfundarstarfa:
  - i. Svæðisáætlun um eyðingu sorps
  - ii. Skýrslu Línuhönnunar um stöðu urðunarmála
  - iii. Þróun sorpeyðingarmála – fulltrúi UST
  - iv. Hlutverk Norðurár bs. í verkefnum á sviði sorpeyðingar.

Magnús tók að sér að boða Gunnar Svavarsson á símafund 14. mars nk.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 9.30

Bjarni Maronsson

Gunnar Bragi Sveinsson

Magnús B. Jónsson